

144. löggjafarþing 2014–2015.
Þingskjal 1632 — 772. mál.

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Katrínu Jakobsdóttur um starfshóp um háskólana í Norðvesturkjördæmi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hefur starfshópur sem skoða átti fjárhagslegan og faglegan ávinning af aukinni samvinnu eða samrekstri háskólanna í Norðvesturkjördæmi, þ.e. Landbúnaðarháskóla Íslands, Hóla-skóla og Háskólans á Bifröst, skilað niðurstöðum sínum? Ef svo er, hverjar eru þær? Ef ekki, hvenær er von á niðurstöðunum?

Ráðherra skipaði starfshóp 27. febrúar sl. til að skoða fjárhagslegan og faglegan ávinning af sameiningu Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólans á Hólum og Háskólans á Bifröst. Starfshópurinn hefur ekki lokið störfum en stefnt er að því að hann skili af sér í lok sumars.